

YFIRHEYRSLAN
& SKÝRSLAN

Þorvaldur Einarsson

Þorvaldur eða Valdi eins og við köllum hann alltaf er Ísfríðingur að uppruna fæddur 22. febrúar 1937 og er að sögn ekki kominn af galdramönnum og sauðabjófum. Valdi er kvæntur Friðriku Björnsdóttur og eiga þau fjögur börn, þrjú þeirra búa á Eskifirði og eitt á Egilsstöðum.

Yfirheyrslan

Nafn:	Þorvaldur Einarsson
Vinnustaður:	Fiskmóttaka HE
Uppáhaldsmatur:	Siginn fiskur
Uppáhalds fótballalið:	Akranes
Uppáhalds tónlistamaður:	K.K
Uppáhalds leikari:	Bessi Bjarnason
Uppáhalds leikkona:	Edda Heiðrún
Besti stjórnmálamaðurinn:	Halldór Ásgrímsson
Versti stjórnmálamaðurinn:	Fjallagrasadrottningin Kolbrún Halldórsdóttir
Viltu Álver við Reyðarfjörð?	Auðvitað
Áhugamál utan vinnu:	Ferðalög og útivera
Hvað ertu með í buxnavösum?	Ekkert
Sefurðu í náttfötum?	Aldrei
Byrðu um rúmið á morgnanna?	Nei konan gerir það
Hvaða vín er best?	Koníak
Eldar þú þegar konan er ekki heima?	Nei þá fer ég og borða hjá börnunum
Á að selja léttvín og bjór í matvöruverslunum?	Já, auðvitað
Ef þú kemur heim að nóttu til svangur og þreyttur og það er kaldur sviðakjammí í kælskápnun, notarðu vasahnífinn eða leggurðu á borð fyrir þig?	
Nota vasahnífinn	

Skýrslan

Ferillinn

Valdi hóf störf hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar árið 1963 er hann réðist sem háseti á Hólmanesið (það fyrsta) með Kidda Kalla, segir Valdi að þetta sumar hafi verið einstaklega skemmtilegt, en Valdi var á sjó á skipum HE þar til árið 1968 að hann gerðist verkstjóri í fiskimóttöku Frystihússins og hefur starfað þar óslitið síðan.

Lífið á Eskifirði

Valdi tekur fram í spjalli okkar að sér hafi alltaf liðið ákaflega vel á Eskifirði og þótt gott að starfa hjá HE hann hafi verið einstaklega heppinn með yfirmenn og samstarfsfólk í gegnum tíðina.

Hvað ber hæst?

Spurður um hvað hann telji að hæst beri í framkvæmdum HE í gegnum árin telur Valdi ýmislegt upp t.d. uppbyggingu bræðslunnar (mengunarbúnað), rækjuverksmiðjuna, endurbætur á skipunum, en næst okkur í tíma og líklega það sem skilar sér í atvinnuöryggi og bættum hag verkafólks og sjómanna er kvóttaukningin sem verður við kaupin á Vísi hf.

Brýnustu mál

Laga bryggjuna fyrir neðan móttökuna. Endurnýja isfisktogarann og hækka kaupði við fiskvinnslufólk.

Framlög til félagsmála

Hraðfrystihús Eskifjarðar mun á þessu ári eins og áður veita eina milljón króna til styrktar ungu fólki til náms.

Hér mun vera um einstakt framtak hjá fiskvinnslufyrirtæki að ræða. Þetta er augljós hvatning fyrir ungt fólk til að mennta sig og léttir mörgum nemanum fjárhagsbaslið.

Eins og flestir vita hefur H.E styrkt íþrótt- og félagsstarf með ýmsu móti í gegnum árin.

Það nýjasta á félagsmálasviðinu er að Hraðfrystihúsið sóð fyrir golfmóti sl. sumar og að keppni lokinni var haldin vegleg veisla þar sem afhent voru verðlaun. Þessi keppni mun verða fastur liður hjá H.E. á komandi árum og er því öllum golfurum ráðlagt að halda sér í formi því til mikils er að vinna.

Tilkynning

Frá og með 1. maí nk. breytist opnunartími skrifstofu Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. þannig að skrifstofan verður opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 – 16:00

Besta jólagjöfin

Í desember á sl. ári var gengið frá kaupum H.E. á útgerðarfélaginu Vísi ehf. í Sandgerði sem á og gerir út línu og togveiðiskípið Sigþór ÞH-100. Bátinum fylgdi 550 tonna þorskigildiskvóti sem samanstendur af stærstum hluta af þorski, grálúðu, rækju og einum sildarkvóta.

Með þessum kaupum styrktist kvótastaða H.E. í bolfisk og rækjuvinnslu verulega.

Með þessari viðbót á kvóta, stýttist sá tími sem vinnsla í frystingu stoppar á hverju ári og vonandi þarf ekki að loka frystihúsinu lengur en sem nemur eðlilegu sumarfríi.

Að sjálfsögðu batnar einnig hagur sjómanna sem veiða aflann. Það má því taka undir orð eins starfsmanns H.E. þegar hann frétti um kvótakaupin "þetta er besta jólagjöfin til sjómanna og landverkafólks".

Sigþór hefur nú verið seldur án aflaheimilda til Sæbóls ehf. í Grundarfirði.

Fréttabréf

2. árg. 1. tbl. 2002
Útgefandi: Hraðfrystihús Eskifjarðar
Ritstjóri: Sigtryggur Hreggviðsson
hresk@hresk.is
Ábyrgðarmaður: Elfar Aðalsteinsson
elfar@hresk.is
Umbrot og prentun: Héraðsprent ehf.

Loðnuvertíðin,
met á met ofan

Nýliðin vetrar loðnuvertíð er sú besta af mörgum góðum í sögu fyrirtækisins og voru þar slegin mörg met bæði íslands- og innanfélagsmet.

Fyrsta loðnan á árinu barst til Eskifjarðar að morgni 6. janúar þegar Jón Kjartansson kom með 1.300 tonn að landi og tveim tímum síðar kom Hólmaborgin með 2.100 tonn. Síðan þá má segja að veiðar hafi gengið með ágætum, allt til 13. febrúar var veitt í flottroll en síðan í nótt.

Greinilegt er að nú eru að skila sér fjárfestingar þær er Jón Kjartansson og Hólmaborg voru stækkuð og settar í skipin nýjar aflmiklar vélar auk spilbúnaðar. En það þarf meira til, afbragðs skipstjóra og skipshafnir að ógleymdum flottrollunum frá Egersund sem hafa sannað sig svo ekki verður um villst. Heildarafli skipanna á vertíðinni var sem hér segir: Hólmaborg 51.100 tonn sem er íslandsmet á einni loðnuvertíð. Jón Kjartansson 37.000 tonn sem er besti árangur þeirra á einni loðnuvertíð. Guðrún Þorkelsdóttir 6.000 tonn en hún var aðeins gerð út lítinn hluta loðnuvertíðar. Þá tók mjöl- og lýsisvinnsla félagsins á móti tæpum 89.000 tonnum á vertíðinni sem er íslandsmet.



Þorskeldi

Þann 26. nóvember sl. hófst undirbúningur við festingar og frágang þorskeldiskvía í Baulhúsavík.

H.E. hóf þar með fyrstu tilraun með þorskeldi hér á Eskifirði. Kviarnar voru fengnar hér á staðnum en þær höfðu áður gengt laxeldi. Kviarnar eru norskar að uppruna 50 m að ummáli og pokarnir í þeim sem fengnir eru frá Egersund í Noregi eru 10 m djúpir. Eftir að öll leyfi höfðu fengist hófust veiðar með snurvoð þann 23. janúar og er fiskurinn fluttur í kviarnar jafn óðum og hann veiðist. Til veiðanna var fenginn m/b Guðmundur Þór SU-121.

Nú 1. mars var búið að veiða 2000 fiska. Stærð á þeim fiski sem þegar er veiddur er 1-2 kg sem er kjörstærð. Væntanlega veður hægt að skýra betur frá gangi mála í næsta Fréttabréfi, en áformað er að slátra þessum fiski næsta haust.



Toppur settur upp í frystihúsi

Í marsþrjú var tekið í notkun nýtt tæki í frystihúsi félagsins sem kallast toppur. Hlutverk toppsins sem er tölvustýrt tæki frá Marel hf. er að skammta fiskflök frá flökunarvél inná snyrtiborð flæðilínunnar og koma þannig í veg fyrir að alltof mikið af flökum safnist á línuna í einu. Hagræðið af toppnum er talið verulegt þar sem afköst aukast, nýting batnar og aukði hlutfall

ætti að nást í neytendapakningar með bættri meðferð hráefnisins. Að sögn Eðvalds Garðarssonar vinnslustjóra frystihúss er starfsfólk almennt ánæggt með sín fyrstu kynni af þessari nýju tækni og margar stúlkanna sem á flæðilínunni vinna segjast vera fegnar að þurfa ekki að vera lengur topplausar í frystihúsinu.



Kæra samstarfsfólk

Nú liggur fyrir rekstrarniðurstaða Hraðfrystihúss Eskifjarðar fyrir árið 2001 og er hún ánægjuleg að mörgu leyti. Hagnaður af rekstri félagsins var 156 milljónir og framlegð hefur aldrei verið betri. Skuldir voru greiddar niður umfram nýjar lántökur, veiðiheimildir voru auknar og staða félagsins styrkt nú jafnt og þétt.

Yfirstandandi loðnuvertíð fer vel af stað. Skip okkar setja hvert aflametið á fætur öðru og nú síðast rauf Hólmaborgin 50.000 tonna loðnuveiðimúrinn á glæsilegan hátt. Rækjuveiði er að glæðast eftir nokkra mánaði og bolffiskveiði hefur haldið uppi fullri vinnslu í frystihúsinu.

Vinnsla gekk, að flestu leyti, vel síðastliðið ár. Rekstrartölur frystihússins og rækjuvinnslunnar sýndu batamerki og gangurinn í mjölg og lýsisvinnslunni, var með eindæmum góður. „Bræðslan“ tók á móti tæpum 180.000 tonnum sem er mesta móttækið magn einstakrar verksmiðju innan árs. Núverandi loðnuvertíð hefur gengið vonum fram og leggur góðan grunn að árinu í ár.

Nokkrar breytingar eru fyrirbyggjandi í starfsumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja. Nýtt frumvarp sjávarútvegsráðherra, er kynnt var á dögunum, felur í sér bæði jákvæða og neikvæða þætti. Neikvætt er að auðlindagjald skuli sett á sjávarútvegsfyrirtæki, í áföngum frá árinu 2004, sem ganga á aftur í gegnum pólitiska styrkjakerfið háð geðþótta stjórnámálanna. Mun slíkur skattur efallítið koma hart niður á landsbyggðinni og draga úr samkeppnishæfi sjávarútvegsins í heild. Jákvæð er hinsvegar fyrirhuguð rýmkun á kvótaþaki, sem leiða mun til áframhaldandi hagræðingar og styrkja stöðu greinarinnar. Mjög mikilvægt er að með jafn viðamiklum breytingum og auknum álögum skapist varanleg sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið svo vinnufríður komist á.

Útlit komandi mánaða er með ágætum og ársins í heild. Ég vil þakka starfsfólki, til sjós og lands, fyrir þeirra framlag á síðasta ári með von um áframhaldandi góðan árangur.

Með kveðju,
Elfar

Sagan af litla fuglinum

Það var á jólaföstunni árið 1999 þegar Rósmundur Jóhannsson var fimm ára að hann fann dauðan skógarpróst kemur með hann til mömmu sinnar og vill jarða fuglinn.

Mamma hans (Þórunn Sif) getur talið hann á að setja fuglinn undir snjópotuna bak við hús því guð muni vitja litla fuglsins þar, Rósi gerir það.

Daginn eftir kemur Rósi inn eftir að hafa kannað hvort guð hafi tekið fuglinn til sín, en það hafði ekki gerst því mamma hans gleymdi að gera viðeigandi ráðstafanir en hún lofar Rósa því að guð komi örugglega einhverntíma næstu nótt og taki fuglinn til sín.

Um kvöldið tekur faðir Rósa snjópotuna



og gengur frá henni í kjallaranum um leið og fuglinn var fjarlægður. Næsta morgun kemur Rósi inn til mömmu sinnar og var ekki kátur. Hún spyr: "Rósi minn tók ekki guð litla fuglinn til sín?" "Jú úúú" svarar Rósi dræmt "hann tók fuglinn til sín, en hann hirti snjópotuna líka".

Draumur Eyglóar



Ég var að horfa út um eldhússgluggann hjá mér og það var allt fullt af snjó. Þá sá ég Nikka á nýju hvítu gröfunni og hann sat á henni svo sæll og ánægður að ýta snjónum burtu. Hann var búinn að taka húsið af vélinni og sat á henni nakinn fyrir utan ljósar loðnar stuttbuxur.

Hvað þýðir þetta ?

Leiftur frá liðinni tíð



Árið 1934 verða kaflaskil í eskfirskri útgerðarsögu en í febrúar það ár komu svonefndir samvinnufélagsbátar þeir Einir, Reynir og Víðir til Eskifjarðar.

Þetta voru 18 tonna fiskibátar byggðir í Danmörku úr eik og furu með 60 hestafla June Munkteill vélum. Kaupandi bátanna var útgerðarfélagið Kakali Eskifirði.

Ekki verður útgerðarsaga þessara báta rakin hér en geta verður þess að þeir stunduðu línuútgerð frá Eskifirði frá vori og fram eftir hausti, en fóru burt á vetrarvertíð aðallega suður í Sandgerði.

Nokkur eigandaskipti urðu á þessum bátum hér á Eskifirði, þeir voru seldir héðan árið 1949, 1953 og 1968. Líftíma þess sem lengst entist lauk árið 1986 en þá var Víðir SU-517 tekinn af skipaskrá.



Þessi mynd sýnir þrjú af þeim köppum sem sóttu bátana þar sem þeir spóka sig á strikinu í Kaupmannahöfn.

Þetta eru þeir talið frá vinstri Valdimar Ásmundsson, Þorsteinn Thengs sá með kasskeytið og Jens Jenssen.

Það var almælt á Eskifirði að aðeins Reyðfirðingar gengu með kasskeyti, það væri æðsti draumur ungra Reyðfirðinga að gerast vörubilstjóri hjá KHB og ganga með kasskeyti. Ekki meira um það.

Árshátíð

Þann 28. desember sl. var hin árlega árshátíð H.E. haldin í Valhöll. Segja má að þessi hátíð hafi tekið öllu öðru fram og var þó ekkert "grjót á hólum" í fyrri veislum.

Ekki er hægt að lýsa slíkum veislum, en dagskráin var í meginatriðum á þann veg að forstjóri setti samkomuna, bauð gesti velkomna og þakkaði starfsfólki vel unnin störf á árinu, skaut síðan nokkrum "léttum skotum" á samstarfsmenn sína. Elfar fól síðan Flosa Ólafssyni veislustjórn og fór Flosi sannarlega á kostum.

Auk hans komu fram Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson, stjórnendur hjá fyrirtækinu að ógleymdri stórhljómsveit Ágústars Ármanns.

Gunnar Páll Rúnarsson kokkur úr Reykjavík ásamt aðstoðarmönnum sínum sá um frábæran mat og meðlæti.

Jón Jónsson vélstjóri á Votabergi sem ekki er vanur slíkum veislum sagðist aldrei áður hafa þurft að nota fimm tegundir af glösum undir vinið með matnum. "Venjulega notar maður nú bara eina glasategund og svo stútinn á eftir" sagði Jón og dæsti yfir herlegheitunum.



Gott rekstrarár að baki

Rekstur fyrirtækisins gekk vel á árinu 2001. Framlegð af rekstri var 1.280 milljónir eða 34% af tekjum sem er mjög góður árangur. Flestar deildir skiluðu góðum árangri en þó má segja að góð veiði uppsjávarfisks, mikil framleiðsla í fiskimjölsverksmiðju og góð verð á þeim afurðum hafa skipt mestu máli í góðri tekjumyndun félagsins í fyrra.

Rekstrarreikningur	jan-des 2001	jan-des 2000	jan-des 1999
Rekstrartekjur.....	3.763.024.388	2.440.411.778	2.101.650.408
Rekstrargjöld.....	2.483.009.221	2.182.259.485	1.946.222.641
Hagnaður fyrir afskriftir.....	1.280.015.167	258.152.293	155.427.767
Afskriftir fastafjármuna.....	(403.659.317)	(410.531.170)	(268.486.149)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	876.355.850 (750.157.437)	(152.378.877) (516.028.755)	(113.058.382) 243.785.461
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta...	126.198.413	(668.407.632)	130.727.079
Tekju- og eignarskattur.....	30.011.710	184.690.181	(27.816.072)
Hagnaður (tap).....	156.210.123	(483.717.451)	102.911.007
Veltufé frá rekstri.....	1.011.995.698	27.346.236	85.760.327
Efnahagsreikningur			
Eignir.....	6.052.885.725	5.587.382.113	5.229.440.155
Skuldir og skuldbindingar.....	4.680.077.108	4.474.763.025	3.824.441.042
Eigið fé.....	1.372.808.617	1.112.619.088	1.404.999.113

Eins og sést á yfirliti yfir rekstur félagsins síðastliðin þrjú ár þá voru árin 1999 og 2000 félaginu mjög erfið. Niðurstaða ársins 2001 er því mjög kærkomin og félaginu mjög mikilvæg. Veltufé frá rekstri segir til um hversu mikið fé stjórnendur hafa til greiðslu vaxta, langtímalána og til fjárfestinga. Fjármunamyndun ársins í fyrra var mjög góð en í raun neikvæð árin tvö þar á undan.